



# **Forvarnir gegn skólaforðun**

Samstarf Félagsþjónustunnar og skóla á

Fljótsdalshéraði  
Seyðisfirði  
Djúpavogi  
Borgarfirði eystra  
Vopnafirði

## Forvarnarverkefni gegn skólaforðun

Grunnskólarnir á Borgarfirði eystra, Djúpavogi, Fljótsdalshéraði, Seyðisfirði og Vopnafirði hafa ákveðið að taka upp nýtt verklag varðandi ástundun og mætingu nemenda. Sérstök áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun og forvarnir gegn skólaforðun með það að markmiði að greina vanda barna og fjölskyldna áður en vandinn verður langvarandi og bitnar á uppeldis- og þroskaskilyrðum barna. Skilgreining á skólaforðun er:

*Skólaforðun er meðvituð eða ómeðvituð hegðun sem barn eða unglingur sýnir þegar mæta á í skólann. Hegðunin birtist í erfiðleikum með að sækja skóla hvort sem um er að ræða heilan skóladag eða hluta úr degi í lengri eða skemmri tíma. (Kearney, Albano 2007).*

Ástæður skólaforðunar eru margvíslegar og skoða þarf hvert tilvik út frá aðstæðum barnsins og fjölskyldu þess og félagslegu samhengi s.s. líðan í skóla, félagsfærni, námsgetu og öðrum þáttum sem geta haft áhrif á umhverfi barns og fjölskyldu. Snemmtæk íhlutun og samvinna heimilis og skóla eru lykilatriði til þess að koma í veg fyrir að skólaforðun festist í sessi og marki barnið eða unglinginn fyrir lífstíð. Skólaskylda og grunnskólalög leggja þá ábyrgð á herðar foreldra að sjá til þess að börn þeirra og unglingar mæti í skóla. Í 19. gr. grunnskólalaga segir:

*Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra... Verði misbrestur á skólasókn skólaskylds barns, án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli, skal skólastjóri leita lausna og taka ákvörðun um úrbætur. Jafnframt skal hann tilkynna barnaverndaryfirvöldum um málið. Skólastjóri skal fara að ákvæðum stjórnýslulaga við meðferð málsins.*

Í 3. mgr. 18. gr. sömu laga stendur:

*Foreldrar skulu hafa samráð við skólann um skólagöngu barna sinna, fylgjast með og styðja við skólagöngu þeirra og námsframvindu og stuðla að því að börnin mæti úthvöld í skólann og fylgi skólareglum. Þeir skulu fá tækifæri til að taka þátt í námi barnsins, svo og í skólastarfinu almennt.*

### **Rannsóknir á skólaforðun**

Á Íslandi liggja ekki fyrir rannsóknir á algengi skólaforðunar en bandarískar rannsóknir benda til 5-28% tíðni á hverjum tíma. Nýlegar rannsóknir erlendar og innlendar benda til aukinnar tíðni kvíða hjá börnum og unglingum og vaxandi fjölda barna og unglinga sem eiga erfitt með skólasókn af ýmsum ástæðum. Þar má tiltaka kenningar um of mikla skjánotkun, of lítinn svefn, tengslaleysi og/eða samskiptavanda fjölskyldna sem rót vandans (Rannsóknir og greining, 2018).

Rannsóknir sýna að börn og unglingar sem þróa með sér alvarlega skólaforðun eru í aukinni hættu á að verða undir í lífinu. Þau eiga á hættu að þróa með sér alvarlega félagsfælni og einangrast, eiga erfitt með félagsleg samskipti, eiga á hættu að falla úr námi og glíma því oftast við fátækt þar sem þau hafa ekki aflað sér starfsréttinda eða það sem verra er að þau þróa með sér geðræn vandkvæði sem leiða til vanvirkni, vanda á vinnumarkaði og/eða örorku síðar í lífinu. Tengsl eru á milli skólaforðunar og geðrænna vandkvæða seinna í lífinu ásamt því að viðkomandi eiga oftast í tilfinningalegum erfiðleikum, erfiðleikum í samskiptum við maka síðar á lífsleiðinni og er hættara við öðrum félagslegum vanda s.s. að veita eigin börnum traust og góð uppeldisskilyrði. Þess utan sýna bandarískar rannsóknir tengsl á milli skólaforðunar og afbrotahæðunar og misnotkunar á vímuegðum. (Wimmer, 2013).

### **Skóli er vinna sem ber að sinna**

Margir foreldrar hafa þörf fyrir leiðbeiningar og stuðning við að setja börnum sínum eðlileg og aldursvarandi mörk, að fylgja fyrirmælum eftir og þurfa aðstoð við að vera samkvæmir sjálfum sér í því hlutverki sínu að kenna börnum sínum reglusemi og aga. Mikilvægt er að börn alist upp við reglusemi og læri að skóli er vinna sem ber að sinna. Reglusemi og rútína snemma á

ævinni byggir upp reglusemi seinna á ævinni og styður við seiglu og getuna til þess að standa undir kröfum daglegs lífs.

Samkvæmt bandarískum rannsóknum um viðunandi skólasókn kemur fram að 9 daga fjarvera eða minna er ásætlanlegt, 10-17 daga fjarvistir valda áhyggjum og ef fjarvera fer upp í 18 daga eða meira, er mikil ástæða til að hafa áhyggjur. Þessar tölur miða við allt skólaárið sem er u.þ.b. 180 dagar. Niðurstöður þessara rannsókna benda til þess að börn og unglingar sem missa úr skóla, af hvaða orsökum sem það er, eru í aukinni hættu á að heltast úr lestinni námslega, missa félagsleg tengsl við aðra nemendur og starfsfólk skóla. Fjarvera getur gert börn órugg varðandi það að halda í við bekkjarfélaga og skapað kvíða og vanmátt gagnvart námslegum kröfum. Slíkar upplifanir geta undið upp á sig. Því ættu foreldrar og skólastjórnendur að forðast frí vegna t.d. ferða erlendis á skólatíma og fylgjast náið með aðstæðum nemenda sem glíma við langvarandi veikindi.

## **Rauðu flöggin**

Fræðimennirnir Wimmer (2013) og Ladwig og Khan (2007) telja mikilvægt að foreldrar og skólafólk læri að þekkja hættumerki hjá barni/unglingi varðandi skólaförðun og að brugðist sé hratt við.

Helstu hættumerkin eru m.a:

- Óútskýrðar fjarvistir eða seinkomur í skóla.
- Erfiðleikar við að fá barn/ungling í skólann á morgnana þrátt fyrir engin merki um veikindi.
- Fjarvistir á ákveðnum dögum (próf, halda ræðu, íþróttatími/sund).
- Svefntruflanir, einbeitingarerfiðleikar, depurð eða pittingur.
- Tíðar beiðnir barns/unglings um að hringja heim eða vilja fara heim á miðjum skóladegi.
- Tíðar beiðnir um að fara til hjúkrunarfræðings á skólatíma, án þess að barn/unglingur virðist vera veikur.

Margir foreldrar falla í þá gryfju að gefa eftir þegar börn þeirra sýna fælni gagnvart skóla sem er mannlegt þar sem við viljum vera góð við og vernda börnin okkar. Stundum á slíkt rétt á sér ef að vandi barnsins lýsir sér í

erfiðleikum í skóla hvort sem er af námlegum eða félagslegum toga sem þá ber að leysa. Ef barnið forðast skólann af öðrum orsökum er mikilvægt að styðja við barnið eftir þörf og að foreldrar aðstoði barnið við að takast á við fælnina eða flóttahæðunina. Hvert og eitt mál er einstakt og þarf að vinna í eftir greiningu á vanda hvers barns.

## **Snemmtæk íhlutun og forvarnir - staðan í Egilsstaðaskóla**

Í Egilsstaðaskóla er lögð áhersla á góða líðan nemenda sem forsendu þess að viðkomandi geti tekist á við námið. Mikilvægt er að foreldrar og kennarar séu vakandi yfir þáttum í fari barna og unglunga sem bent gætu til þess að ástæða sé til að grípa inn í, áður en að vandinn verður til eða vindur upp á sig. Starfsmenn skóla hafa orðið varir við möguleg tengsl á milli vanlíðunar nemenda og mætinga í skóla og þá jafnvel skólaförðunar. Í því sambandi viljum við benda aftur á að í rannsóknum t.d. Kearney og Albano (2007) og þeirra sem hafa verið nefndir, kemur fram að fjarvera frá skóla innan við 9 daga á ári valdi yfirleitt ekki miklum skaða á námsárangri og félagslegri stöðu nemenda. Ef fjarvistir fara upp í 10-17 daga þá ættum við að líta svo á að það blikki rauð ljós og að nemandinn sé í aukinni áhættu varðandi nám og félagslega stöðu. Sé fjarvera meiri en 18 dagar, þá er veruleg hættu á að námsárangur og félagsleg staða nemandans sé í alvarlegri hættu. Því höfum við miklar áhyggjur af velferð barnanna hjá okkur sem eru komin upp í 18 daga fjarveru.

Tölurnar varðandi ástundun hjá okkur gefa til kynna að við þurfum að gera betur. Á síðasta skólaári voru 24% nemenda fjarverandi frá skóla 7 daga eða fleiri vegna fría og 10% nemenda voru fjarverandi 10 daga eða fleiri vegna veikinda. Í flestum tilfellum eru leyfin hjá okkur samþykkt eða eiga sér eðlilega útskýringar. En það breytir því ekki að fjarvera er fjarvera og hefur áhrif á líðan, nám og félagslega stöðu barnsins.

Þessar tölur gætu gefið til kynna of afslappað viðhorf gagnvart mikilvægi skólagöngu nemenda í Egilsstaðaskóla og því er mikilvægt að fræða foreldra og taka upp samtal um áhrif fjarvista á skólagöngu.

## Nýtt verklag

Í Egilsstaðaskóla er í gildi viðbragðsáætlun vegna fjarvista og seintkoma bæði fyrir nemendur á mið- og elsta stigi. Jafnframt hefur verið lögð rík áhersla á það að allar leyfisbeiðnir fyrir nemendur séu skriflegar. Þetta er mikilvægt vegna lögbundinnar skjalavistunar, en jafnframt til þess að formgera og bæta upplýsingar um leyfi nemenda frá skóla.

Í forvarnarverkefninu gegn skólaforðun sem hér er kynnt er miðað við að tekið sé upp samræmt verklag. Jafnframt er óskað eftir samvinnu við foreldra um að draga úr leyfisbeiðnum á skólatíma.

Nýtt verklag gerir ráð fyrir að ef nemandi er hefur verið 9 daga frá skóla, þá hringir umsjónarkennari heim og lætur foreldra vita. Ástæða fjarvistanna er rædd og mögulegar úrbætur. Námsleg og félagsleg staða nemandans er metin og viðeigandi stuðningur veittur ef þörf er á.

Ef fjarvistir halda áfram og nemandi hefur verið 18 daga frá skóla, þá eru foreldrar og eftir atvikum nemandi boðaðir á fund með umsjónarkennara og stjórnendum skóla þar sem vandinn er greindur og úrræði til úrbóta rædd. Gerður er skriflegur samningur um úrbætur sem gildir til skamms tíma, 3-4 vikna hið mesta. Ef ekki gengur betur á samningstíma, er máli nemandans vísað til Austurlandsteymisins. Þar sitja sérfræðingar frá skóla, félagsþjónustu og heilsugæslu sem geta boðið meiri stuðning og aðstoð en skólinn einn og sér.

Það er til mikils að vinna að ná fyrir vandann áður en hann verður alvarlegur og langvinnur og hefur mögulega langvarandi áhrif á þroska og framtíðarmöguleika barnsins eða unglingsins. Lang oftast er hægt að snúa þróuninni við með léttvægum aðgerðum og ráðleggingum þegar tekið er á vandanum í upphafi hans.

Það er von okkar í Egilsstaðaskóla að nemendur og foreldrar taki nýju verklagi fagnandi og að í sameiningu getum við stuðlað að betri líðan og velferð barna og fjölskyldna á svæðinu. Akveðið var að bíða ekki með að taka nýtt verklega í gagníð til haust, heldur hefjast strax handa og auka vitund um mikilvægi góðrar skólasóknar.

## Um leyfi nemenda í Egilsstaðaskóla

Á heimasíðu skólans eru leiðbeiningar varðandi leyfi nemenda og leyfisumsókn undir tenglinum hagnýtt. Við beinum þeim tilmælum til foreldra að ígrunda vel umsóknir um leyfi á skólatíma og minnum á að:

**Mikil fjarvera frá skóla hefur samkvæmt rannsóknum neikvæð áhrif á upplifun nemenda af skólagöngunni og slæm áhrif á líðan þeirra og námsárangur og félagslega stöðu þeirra.**

Mikilvægt er að vera tímanlega í umsóknum um leyfi.

15. grein laga um grunnskóla nr. 91 frá 2008 segir:

*Sæki foreldrar skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu telji hann til þess gildar ástæður. Foreldrar skulu þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.*

Skila skal inn skriflegri umsókn um leyfi frá skóla ef um einn eða fleiri daga er að ræða.

Í ljósi nýs verklags er ástæða til að ítreka að foreldrar fylgist vel með ástundun barna sinna í gegnum Mentor.

Mikilvægt er að foreldrar axli þá ábyrgð að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu frá skólasókn stendur.